



Nefndasvið Alþingis
Umhverfis- og samgöngunefnd

Sent með tölvupósti.

Reykjavík, 13. febrúar 2020

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um flóðavarnir, 58. mál.

Tilv. 202002-0007

Vísað er til umsagnarbeiðni frá nefndasviði Alþingis um tillögu til þingsályktunar um flóðavarnir á landi, 58. mál. Bændasamtök Íslands hafa farið yfir efni tillögunnar og telja jákvætt að hugað verði að flóðavörnum og að starfshópur verði skipaður til að leysa þau verkefni sem liggja fyrir, í samstarfi við Landgræðslu ríkisins, og styðja að tillagan verði samþykkt.

Virðingarfyllst
f.h. Bændasamtaka Íslands


Guðrún Vaka Steingrimsdóttir



Nefndasvið Alþingis
Umhverfis- og samgöngunefnd

Sent með tölvupósti.

Reykjavík, 13. febrúar 2020

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um flóðavarnir, 58. mál.

Tilv. 202002-0007

Vísað er til umsagnarbeiðni frá nefndasviði Alþingis um tillögu til þingsályktunar um flóðavarnir á landi, 58. mál. Bændasamtök Íslands hafa farið yfir efni tillögunnar og telja jákvætt að hugað verði að flóðavörnum og að starfshópur verði skipaður til að leysa þau verkefni sem liggja fyrir, í samstarfi við Landgræðslu ríkisins, og styðja að tillagan verði samþykkt.

Virðingarfyllst
f.h. Bændasamtaka Íslands


Guðrún Vaka Steingrimsdóttir



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Gunnarsholti, 30. nóvember 2020

Efni: Umsög um tillögu til þingsályktunartillögu um flóðavarnir á landi, 147. mál.

Með rafbréfi, dags 17. nóvember sl., sendi umhverfis og samgöngunefnd Landgræðslunni, til umsagnar, tillögu til þingsályktunar um flóðavarnir á landi.

Fyrirliggjandi þingsályktun er nú endurflutt í nánast óbreyttu formi en áður var málið flutt í 150. þingi – sjá 58. mál. Landgræðslan sendi umsögn um málið á 150. þingi og vísast til þeirra athugasemda.¹

Landgræðslan telur mjög brýnt að þingsályktun sú sem hér er gefin umsögn um fáist samþykkt og að efni hennar verði hrint í framkvæmd. Vönduð greining á flóðavörnum er bráðnauðsynleg enda mjög miklir hagsmunir í húfi þegar kemur að flóðavörnum.

Virðingarfyllt,
f.h. Landgræðslunnar

Birkir Snær Fannarsson

¹ <https://www.althingi.is/alttext/erindi/150/150-1263.pdf>



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Skrifstofa Alþingis - nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 24. nóvember 2020

2011036SA KB/bg
Málalykill: 00.63

Efni: Umsögn um þingsályktunartillögu um flóðavarnir á landi, 147. mál

Vísað er til tölvupósts frá nefndasviði Alþingis, dags. 17. nóvember sl., þar sem óskað er eftir umsögn um ofangreint mál.

Í þingsályktunartillögunni er lagt til að fela umhverfis- og auðlindaráðherra að skipa starfshóp um flóðavarnir á landi sem vinni í samstarfi við Landgræðsluna. Landgræðslunni ber, samkvæmt lögum um landgræðslu nr. 155/2018, að meta hvar þörf er á varnaraðgerðum til að draga úr eða koma í veg fyrir landbrot, þ.e. jarðvegsrof og gróðureyðingu sem stafar af ágangi vatna, sem ógnar eða veldur tjóni á landi eða mannvirkjum. Verkefni starfshópsins er í stuttu máli að gera úttekt á nauðsynlegum flóðvörnum, forgangsraða verkefnum og leggja fram tillögu að áætlun um aðgerðir, jafnt til viðhalds sem nýframkvæmda.

Sambandið styður að starfshópur um verkefni tengd flóðavörnum á landi verði skipaður og leggur til að sambandið eigi fulltrúa í starfshópnum enda eru flóðavarnir á landi mikilvægar mörgum byggðalögum, s.s. Landeyjum, Álftaveri, Vík, landi við Hvítá í Árnassýslu og Kelduhverfi.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Karl Björnsson
framkvæmdastjóri

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis
bt. Kormáks Axelssonar skjalaritara
Skrifstofu Alþingis - nefndasviði
Austurstæti 8-10
101 Reykjavík
nefndasvid@althingi.is

Dags. 27.11.2020
Tilv. 5618-0-0005
Mál 2020-0055
0.5.2

Með erindi dags. 17. nóvember sl. óskaði umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis eftir umsögn Veðurstofu Íslands um tillögu til þingsályktunar um flóðavarnir á landi – 147. mál.

Umsögn Veðurstofunnar er sem hér segir:

Veðurstofan fagnar þingsályktunartillögunni og þeirri ábendingu að starfshópurinn nýti það áhættumat sem stofnunin vinnur að og liggur fyrir.

Veðurstofan vekur athygli á að rétt er að afmarka vinnu starfshópsins við flóðavarnir sem snúa að vörnum gegn landbroti og samgöngumannvirkjum. Skýra þarf umfang verkefnis starfshópsins með tilliti til þess. Einnig er rétt að greinargerð með tillögunni taki mið að því umfangi.

Rétt er að undirstrika að ef tillagan á að ná til verkefna þar sem tekið er tillit til áhættu fólks og annarra mikilvægra innviða og snúa ekki einungis að landbroti og samgöngukerfi, kallar það á mun umfangsmeiri vinnu starfshópsins. Slík vinna þarf að byggja á áhættumati og góðri samvinnu hagaðila og sveitarstjórna. Veðurstofan vinnur nú að áhættumati vegna vatnsflóða og jökulhlaupa. Um er að ræða mjög viðamikil verkefni sem mun taka mörg ár að framkvæma. Veðurstofan mun láta starfshópnum í té allar þær upplýsingar sem liggja fyrir, en einungis er um að ræða lítið brot af þeim svæðum sem nefnd eru í greinargerð. Í tengslum við þessa vinnu skipaði umhverfis- og auðlindaráðuneytið starfshóp til að fjalla um áhættuviðmið vegna vatnsflóða. Þessi vinna er enn í gangi. Rétt er að vekja athygli á því að skilgreining áhættuviðmiða þarf að liggja fyrir, en það hefur áhrif á forvarnir sem geta falist í mismunandi lausnum eins og blá-grænum-gráum lausnum, en ekki einvörðungu á forvörnum í formi flóðavarnargarða.

Í þingsályktunartillögunni segir í 4. tölulið: „*Leggi fram tillögu að áætlun um aðgerðir, jafnt til viðhalds sem nýframkvæmda, þar sem kostnaðarmat hvers verkefnis kemur fram.*“ Varðandi viðhald og þá sérstaklega nýframkvæmdir er rétt að vekja athygli á því að blá-grænar-gráar lausnir séu hafðar í huga.

Virðingarfyllst,



Árni Snorrason
forstjóri VÍ